

Hofsstaðaskóli, júní 2018

Lokaskýrsla þróunarverkefnis

Aðlöguð verkefni í 1.-3. bekk

Íslenska og stærðfræði

2017-2018



Tengiliður verkefnis: Margrét Harðardóttir

Höfundar verkefnis: Anna Laxdal, Guðrún Dögg Jóhannsdóttir,
Ólöf Harpa Gunnarsdóttir, Sólbjörg Harðardóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Mæta nemendum með mikla námserfiðleika
- Efla virkni þeirra í námi inni í bekk
- Auka samfellu í námi nemenda með einstaklingsnámsskrá
- Efla samvinnu sérkennara, bekkjarkennara og þroskaþjálfara

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum: Framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis
Við hittumst reglulega, umsjónarkennari, sérkennari og þroskaþjálfari. Við söfnum verkefnum, þjuggum til, þýddum og aðlöguðum verkefnið í íslensku og stærðfræði fyrir nemendur sem víkja mikið frá í námi.

Framkvæmd, tímaplan og afrakstur verkefnis í júní 2018

Ágúst/sept.	<ul style="list-style-type: none">• Undirbúningur verkefnis.• Upplýsingaröflun og hugmyndavinna.
Okt.	<ul style="list-style-type: none">• Skiptum með okkur verkum• Við ákváðum að leggja áherslu á að aðlaga námsefnið í stærðfræði og íslensku fyrir nemendur í 1. - 3. bekk með því að finna einföld, margþætt verkefni.
Nóv.	<ul style="list-style-type: none">• Skoðuðum vefsíður og bækur fyrir 1. bekk• Fórum yfir stærðfræðibækur og flokkuðum. Tókum út erfiðari verkefni og bættum við léttari verkefnum.• Unnum aðlöguð verkefni í íslensku út frá lestrarbókum Auðbjargar Pálsdóttur.
Des./jan.	<ul style="list-style-type: none">• Þýddum og aðlöguðum stærðfræðiverkefni sem við prófuðum með tveimur nemendum í 1. bekk.• Þjuggum til aðlöguð stærðfræðiverkefni til að vinna í heimavinnu fyrir• 3. bekk sem við prófuðum með 2 nemendum.
Feb.	<ul style="list-style-type: none">• Unnum aðlöguð verkefni út frá Omma lestrarbókum• Unnum aðlagað námsmat /aðlöguð námsmarkmið.
Mars	<ul style="list-style-type: none">• Fórum á námsgagnasýningu í Birmingham. Skoðuðum þar námsefni, fengum gagnlegar hugmyndir og versluðum bækur í stærðfræði.• Þýddum stærðfræðihefti fyrir nemendur í 1. og 3. bekk.
Apríl/maí	<ul style="list-style-type: none">• Prófuðum námsefni í 1. og 3. bekk í stærðfræði (stærðfræðihefti).• Prófuðum námsefni í 1. bekk (aðlöguð verkefni með Omma bókum).
Júní	<ul style="list-style-type: none">• Lásu yfir verkefni og lagfærðum texta, útlit og hönnun verkefnis. Flokkuðum í rafræna möppu og prentuðum út sýniseintök.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Tímaáætlun stóðst og vinna við verkefnið gekk samkvæmt áætlun.

Mat á verkefninu

Vinnan við verkefnið gerði okkur enn meðvitaðri um mikilvægi samvinnu þeirra fagaðila í skóla sem vinna með nemendur. Þegar nemendur víkja mikið frá í námi og eru hjá umsjónarkennara, sérkennara og eða þroskaþjálfara ásamt því að fá aðlagað námsefni inni í bekk þarf að samræma verkefni þannig að samfella sé í náminu.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks: 1.500000

Laun	1.500.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Gögn	

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Afrakstur

- Afraksturinn er gagnabanki með einföldum, aðlöguðum verkefnum fyrir nemendur sem víkja mikið frá í námi sem fagaðilar í Garðabæ geta fengið aðgang að. Einnig hugmyndir um það hvernig hægt er að aðlaga námsefnið.

Ávinningur

- Samvinna fagaðila; umsjónarkennara, þroskaþjálfara og sérkennara.
- Verkefni við hæfi nemandans og aukin færni og ánægja í námi.
- Gagnabanki í íslensku og stærðfræði

Kynning

- Kynning á verkefninu fyrir samstarfsfólk í Hofsstaðaskóla.
- Verkefnið kynnt á Menntadegi grunnskólanna í Garðabæ.

Hofsstaðaskóli, júní 2018

Anna Laxdal

Guðrún Dögg Jóhannsdóttir

Ólöf Harpa Gunnarsdóttir

Sólbjörg Harðardóttir